

Kvæða- handritið okkar.

(fríð- finnur yrkir)



Höfundur 16 desember 2017.

Höfundur hefur ort kvæði- og ljóð í
allmörg ár og gerir sér til skemmtunar.
Hefur notað höfundarnafnið (fríð-
finnur yrkir) frá 2000. Áðrir hafa og
haft af lestrinum gleði og ánægju.

Kvæðja höfundur.

Á hestbaki. Kántrílag.

(frið-finnur yrkir)

Förum á hestbak og hysjum upp brók.
Hleypum næst sléttunna drekkandi Kók.
Kynnumst þá frelsinu sem fer um oss.
Frábært er enda vort góða hross.

Vindur í fangið voðalega hress.
Virðulegur hattur sagði nú bless.
Bleksvartur fuglinn barðist við hann.
Að baki er það allt, svo vel ég mann.

Áfram er stökkið nú staðreyndin mín.
Stefnan í austur í sól sem að skín.
Fákur minn frýsar hinn glaðasti er,
en ferlegur hnakkurinn rassinn minn mer.

Særindin birtust, þau bjuggu til mein.
Botninn er litaðir og nístir í bein.
Ferð sú er ekki ætluð til fjár
Ég fer ekki aðra, jah, næstu ár.

Með blæstri úr nös Stakkur stöðvaðist nú.
Stirður í liðnum missti ég trú
á ærlegum reiðtúr í regni eða sól
í reiðgalla fínnum er haninn minn gól.

Allt slapp þetta svosem í þessari átt.
Þreytan samt vildi leika mig grátt.
Gat ekki annað en hlegið smá að
aumlegri mannveru á þessum stað.

Blómið mitt.

(frið-finnur yrkir)

Blómið mitt ber sig nú vel.
Blöðin öll fegurð því skarta
Enda ég allvel það el
upp við mitt sanna hjarta.

Í barminum best það nú þrífst
í blíðunni allri og rósemd.
Það fögrum orðum af hrífst
og álíka svoleiðis dásemd.

Blómið allt ávöxt sinn ber.
Er alltaf að sína mér betur
hvað þetta er sem það mer
að þekkingin brugðist við getur.

Draumur minn.

(frið-finnur yrkir)

Draumur minn er minn og líka ferskur.
Missir ekki tilgang, engin verkur.
Blæs mér kapp í kinn og á hann bendi
Kristur hann mér gaf þó ei sé í hendi.

Alltaf verður minn í stríði og stormi
og staðurinn sem heldur mér í formi.
Gjöfin er frá hæðum himins vinur
Honum gleymi aldrei hvað sem dynur.

Allt sem Drottinn dreng og stúlku gefur.
Dagurinn mun koma sem þú hefur
er færðu draum í fangið þitt í nesti
og ferð og notar hann á lífsins hesti.

Haltu því í drauma Drottins vinur.
Dagurinn mun koma áður en hrinur.
Orðið getur ekki sagt þér lygi,
þó ýmislegt í kring máski hnígi.

Dýrð er til.

(frið-finnur yrkir)

Dimmur gægist dagur inn.
Dragsúgur er líka.
Telst nú varla vinur minn
Veltist ei með slíka.

Þó sé dimmt er dýrðin til
sem dettur ekki niður
heldur fyllir gjótu og gil.
Góða við hún styður.

Allt er val og það ég veit.
Verkin mörgu stundum.
Líka okkar andans leit.
Alloft þar við undum.

Og blíður dagur blasti við.
Birta næg frá hæðum.
Hún bætti hag og breytti sið.
Birtist oss í kvæðum.

Þar svarið var í veröld hér
en virtist hulu þakið
en gekk alltaf með mer og þér.
Máttleysið burt var hrakið.

Einn? Hver?

(frið-finnur yrkir)

Einn er á fjalli annar í dal
Allir á sínum stöðum.
Einn er að rita annar í sal,
Einhver að fletta blöðum.

Einn er að kaupa annar er staur
Óskar sér smá af krónum
Leitandi maður magnaður gaur
mætti fá slatta af grjónum.

Einn er skokka annar í hvíld.
Ekkert það varðar fólkið
Sá er einn heima etandi síld
sem átti sjálft guðsfólkið.

Einn er á túni annar að slá
Einn er að skerpa ljáinn.
Annar er heima að hrossið flá
og hópur að fást við stráin.

Einn er að gráta annar sem hlær.
Einhver sem skilur varla.
Sumstaðar átök, allskonar blær
á við í veröld karla.

Alltaf þó birtir bíðum nú ögn
Blóðum það rann á krossi.
Þá skeði undir og alger þögn
er almætið kom sem blossi.

Fossinn.

(frið-finnur yrkir)

Fegurð býr í fossi einum.
Fagurlega liðast niður hlíð.
Ekki er hann eignaður neinum.
Engum boðar hann líka stríð.

Þarna er hann hár og fagur
Hendist vatnið fram af hvassri brún.
Um hann hefur verið slagur
Er fór hann yfir eitt og fleiri tún.

Hætti að vera fegurð frábær.
Fylgifiskur kom á annan veg.
Gamanið varð grátt á smábæ.
Gríðarlegt var tjónið hreint alveg.

Svona jörðin leikur laxi.
Liðast um og vekur góða kennd.
Svo er allt í voða baksi.
Eins og allur voði sé í grennd.

Allt samt þetta enda tekur.
Aftur er hann fossinn soldið kúl.
Aftur hann nú okkur vekur
yndi sitt þó drægi oss í púl.

Fossinn engin ógn er neinum.
Æðir niður hlíð og fer létt með.
Vatnið ferðast framhjá steinum
á ferðalagi sínu – og ég kveð.

Gnýr.

(frið-finnur yrkir)

Blóðið í æðum allt frosið
Ekkert ég skil nú í því.
Límdi á andlitið brosið
Æ má ég hafa minn gný.

Hurðarskellir.

(frið-finnur yrkir)

Hurðarskellir elskar hurðir allar.
Hleypur að þeim og á dyrnar kallar:
„Halló þarna hurðar væni garmur
hversu sterkur er þinn hurðar karmur“?

Svona gamli hrópar hurðar skellir
Er hann skokkar burt úr sínum hellir
Ekki á þessu þreytist gegnum árin
Þó fjölgi á Sveinka höfði gráu hárin.

„Hæ og hó hér kem ég hurðar garmur.
Hleyp í einum spretti og engin harmur.
Þessa skal ég losa af lömum allri.
Lausnin fellst í því að vera snjallri.

Hár var skellur skar og vel í eyru.
Skottast burt ásamt ýmsu fleiru.
Eigandinn þá svaf í fasta svefni.
Sveinki segir. „Enginn nöfn ég nefni“.

Grýla stolt af stráksa sínum gerðist.
Stóð sig eins og hetja sem við það herðist.
Allar hurðir eru enda vinir
eins og synir dætur og allir hinir.

Í birtunni.

(frið-finnur yrkir)

Gakktu í birtunni bróðir í dag
Berðu þig vel á meðan
Drottinn mun færa margt hér í lag
og minnka álag á sleðann.

Í vegleysu

(frið-finnur yrkir)

Reiðin ekkert gerir gagn.
Gengur um og reynir.
Dregur þungan dagsins vagn
Dreng í vegleysu beinir.

Aftur komin er hún við
Engu minni núna
Hún vill öllum henda frið
Horfa á verkin fúna.

Svona er lífið sonur minn
Sætt á milli og snúið
uns um strýkur elskan kinn
og öll er reiði búin.

Þá er aftur þurrt í dal
þegar birtir aftur
Bergmálið í breiðum sal
boðar, segir, „Kraftur“.

IKEA- geitin

(frið-finnur yrkir)

Jólageitin blessuð játar sigur.
Jánkar honum einum, svei mér þá.
Hefur aldrei enst að verða digur.
Ösku þekkir geitin ekkert smá.

Jólasveinn í vondu skapi.

(frið-finnur yrkir)

Níð í skóinn, skrítið það.
Skellir hurðum, eða hvað?
Syngur falskt og færir smátt
finnur krakka og hefur hátt.

Kærleikur hans?

(frið-finnur yrkir)

Bardaginn er Drottins og dagurinn er hans.
Dásömum því verkin og gerum fagran krans.
Hann er ennþá með oss í leiknum sem og sorg
Yfir er hans kærleikur hér í vorri borg.

Með jólasveinahreim.

(frið-finnur yrkir)

Gakktu kringum jólatré á jólum.
Játaðu að ekkert af þeim dó.
Að sveinar rífi sig úr sínum bólum
og syngjandi þeir gefi enn í skó.

Fagnaðu með fólkinu sem skilur
að ferðalagið stendur yfir enn
þó ríki úti sólskin eða bylur
er alltaf pláss til fyrir sveina og menn.

Þeir kunna líka að syngja söngva marga
og svolítið að knúsa barna hóp.
Reka á milli upp óp og börnin garga.
Æðislega fyndið að sjá glóp.

Skeggjaðir að venju skunda á sviðið
Skoðandi og ropandi í senn
Einhver sagði: „Alltaf sama liðið
Allir eru þessir eins og menn“.

Gryla bak við tjöldin reið hún rumdi
og reyndi að toga til sín þessa menn
en gat ekki því gasprið yfir glumdi
og Gáttaþefur kom til bjargar senn.

Er jólin voru búin blíðir sveinar
báru poka sína tóma heim.
Allir voru kátir það karl meinar.
Kominn með smá jólasveina hreim.

Mæða hvað?

(frið-finnur yrkir)

Engin skandall né skoða Helju.
Skríð á bak við krossinn minn
Hann mér gefur alla elju
og elsku sína lætur inn.

Mögnuð er sjálfsvorkunn.

(frið-finnur yrkir)

Baráttan hörð eins og hel
hjá okkur báðum í dag
Allt var til einskis á Mel
Ekkert vill færast í lag.

Sitjandi ein erum við.
Engin sem dropar við hér.
Maginn stór þráir nú Malt.
í magni sem vel líkar mér.

Þökin öll svigna af sorg
Söngur er engin til hér.
Svolítið er samt um org
og söngvum sem ei líkar mér.

Allt er að staðna á stað
Stríðið sjálft tapaðist allt.
Er ennþá til líf eða hvað?
Elskan, ég þarf meira Malt.

Ó hvað allt erfitt er hér.
Engin sem huggar í dag.
Ég sit og syrgi yfir mér

og syng minn daprasta brag.

Hjartað smá smakkar nú mat.
Smekkvíst það leitar að auð
sem gestur færði upp á fat.
Ég feginn þáði mitt brauð.

„Svakalegri eynd býrðu borð
Blóðið vart rennur um æð.
Varla á til einasta orð
Um alla þína hér smæð“

„Haltu kjafri“.

Sonur Guðs?

(frið-finnur yrkir)

Blóðið mér bjargar á degi
sem bardagi harðastur er.
Það ég með sanni því segi
að Sonurinn ei nokkuð fer.

Steppdansinn

(frið-finnur yrkir)

Þrautirnar eru í skónum
og allar geymdar þar.
Passa enda illa í snjónum
Ægilegt svellið bar að.

Steig dansinn allur á iði.
Ekkert var látið á.
Taldi ég losnaði úr liði
Liðurinn með mér svo lá.

Stríðið var áfram á velli
Allan þar steppdans ég steig.
Keimlíkur klaufdýri á svelli
sem kann ekki og niður seig.

Upp í loft lappir og húfan
lagðist á ískalda svell
Svei mér ef dó ekki dúfan
er datt ég og myndaði ell.

Engin skal skreppa á ísinn.
Skemmtilegra gera má.
Bragðbetri er enda grísinn
Eldaður með sósu smá.

Sterkur strákurinn.

(frið finnur yrkir)

Flottur og sterkur er strákurinn.
Stríðalinn er hann sem fákurinn
en hleypur um grundirnar grátandi
gerandi söngva í blúsbandi.

Allur á iði er strákurinn.
Einnig er hlaupin frá beygurinn.
Sem vildi kvelja hann kotroskinn
Kallaði síðar á eirfroskinn.

En svo kom höfundur Hringjarans
og hélt sig vera eign almúgans.
Sem gerðist ekki því almættið.
Öðrum hann gaf þetta embættið.

Ekkert er eftir af hringlanda.
Allra síst náðist í breytanda.
Hann bara hljóp burtu spyrjandi.
Hendingar sýnar þó kyrjandi.

Stjarnan.

(frið-finnur yrki)

Stjarnan hátt á himnum ljómar,
hærra mána og flestri nöðru
birtist hún og betur hljómar
Það ber ekki á öðru.

Allur heimur hana skynjar.
Hefur uppi marga skoðun
Við svoleiðis sig allvel brynjar.
Setur fram nýja boðun.

Stjarna fölnar stundum mikið,
stendur eftir veik og lúin.
Frá þessu ekki verður vikið
Alveg er fráleitt búin.

Ljósið svo skein skært í eina
að skondið var og allir töldu
að myndi veginn arka beina
og áfram gera öldu.

Að því kom að kuldi allur
kreisti mann og stjörnu líka
og hún stóð eftir hráka dallur
sem herra og frú ei flíka.

Stjarnan er af himnum horfin.
Hver var leiðin þekkir engin
Hún var bara burtu sorfin
þó bæri stúlku og drenginn.

Stjörnurnar stara.

(frið-finnur yrkir)

Stjörnurnar á himni stara allar
stirnið á sem öllu gefur líf.
Samt á enga þeirra ekkert hallar
Allar mynda saman nokkra hlíf.

Skaparinn á himnum hefur völdin.
Herrann ræður þessu bara einn.
Vakir hvort sem kuldi er á kvöldin.
Kvikur er og heldur aldrei seinn.

Sköpunin er sköpun, hugvit mikið.
Skóðaði og mat allt, gerði rétt.
Til að fólk ei drifi yfir strikið.
Eignaðist í staðin í góða frétt.

Jesú kom og kallaði til manna
„Komið allir saman núna hér.
Ég færi ykkur margt og góða granna
Gangið hingað allir, fylgið mér“.

Nokkrir þekktust boðið, aðrir blindir
Bláleitir í framan hurfu þeir
Drógu upp af öllu rangar myndir
Eru þessir fleiri en bara tveir?

Allt á jörðu almætti ber vitni.
Engin skildi velkjast meira um það.
Þó sumu fólki undir allvel hitni
Ekki vill það færa sig úr stað.

Stjörnurnar og fuglar yfir fljúga.
Fegurð blasir við í hverja átt.
Sumir mig þó segja bara ljúga

Segjast ekki ná við þetta sátt.

Hvað skal gera, bíða bara og vona
að blómi vaxi fram og sýni lit?

Að lífið allt það sé nú bara svona
í sjálfu sér og í því lítið vit?

Trúarsigur

(frið-finnur yrkir)

Vindurinn ferskur um fer
Friðurinn horfinn og breytir
Svona nú söngurinn er
„Söknuður“ orsökinn heitir.

Hann íþyngir staðnum og stund.
Strekkir á huganum öllum.
Þá kalla vill trúin til fund
Og tilkynna málið í höllum.

Í greip minni Guðsótti býr.
Gríp ég til hans er ég þreytist
Hann öllu snúnu við snýr.
Snögglega allt hjá mér breytist.

Vakning

(frið-finnur yrðir)

Skemmtilega sköllóttur er þessi,
skríður eftir götu þessi hressi.
Sagðist vera blindur nú á báðum
og baða sig í ljósi öllu bráðum.

Sagðist þekkja Soninn eina, biðja
Svolgra í sig Orðin og þau styðja
Keppast eftir öllu sem er hans
Eignast meira af herrans dans.

Blindur var en blindan svo hvarf.
Blóð Jesú fékk hann í arf.
Stekkur yfir steina og hól
Steininn þar sem haninn stóð og gól.

Vaknaði og vissi ekki meira
Vildi ekki af neinu illu heyra.
Horfði á sólarsetrið syngja braginn
um sanna ást og allt sem var í haginn.

Verndin.

(frið-finnur yrkir)

Orðið segir við mig ekkert geti skeð
Alltaf tala sannleika við stór og lítil það,
sem horfa stundum niður og stara inn í djúp
á storminn sem að æðir og gleyma verndar hjúp.

Gert 16 desember 2017
Kveðja (frið-finnur yrkir)